

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/109/EB frá 9. febrúar 2009 um skipulagningu tímabundinnar tilraunar með tilteknar undanþágur á markaðssetningu fræblandna, sem nota á til ræktunar fóðurjurta samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE, til að ákvarða hvort tilteknar tegundir, sem eru ekki á skrá í tilskipun ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2005/55/EB eða 2002/57/EB, uppfylla skilyrði fyrir skráningu í A-hluta 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 66/401/EBE ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 53. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/124/EB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„54. **32009 D 0109:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/109/EB frá 9. febrúar 2009 um skipulagningu tímabundinnar tilraunar með tilteknar undanþágur á markaðssetningu fræblandna, sem nota á til ræktunar fóðurjurta samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE, til að ákvarða hvort tilteknar tegundir, sem eru ekki á skrá í tilskipun ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2005/55/EB eða 2002/57/EB, uppfylla skilyrði fyrir skráningu í A-hluta 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 66/401/EBE (Stjtið. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/109/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 26.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.